

AÐALFUNDUR HVERFISNEFNDAR HOLTA- OG HLÍÐAHVERFIS, 18. mars 2009

Dagskrá

- **Formaður setur fund**
- **Kosning fundarstjóra og fundarritara**
- **Skýrsla stjórnar**
- **Kosning stjórnar til næstu 2ja ára**
- **Önnur mál**

Valdimar Pálsson, formaður hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis setti fundinn. Á fundinn voru mættir 15 íbúar í hverfinu auk hverfisnefndar sem skipuð er Valdimari Pálssyni, Mögnu Guðmundsdóttur, Helgu Aðalgeirsdóttur, Ingvari Þóroddssyni og Pálínu Jónsdóttur. Fundarstjóri var kosinn Ingvar Þóroddsson og fundarritari Helga Aðalgeirsdóttir. Fundargestum var boðið upp á ljúffenga fiskisúpu.

Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar og er hún meðfylgjandi hér aftast. Megin verkefni stjórnarinnar á árinu voru athugasemdir við deiliskipulag Undirhlíðarreits, undirbúningur hausthátíðar og svar við bréfi Akureyrarbæjar við fyrirspurn um nauðsynlegar verklegar framkvæmdir í hverfinu.

Kosning stjórnar

Magna Guðmundsdóttir, Valdimar Pálsson og Helga Aðalgeirsdóttir gáfu ekki kost á sér áfram en Ingvar Þóroddsson og Pálína Jónsdóttir voru kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2008. Formaður greindi frá að hverfisnefndin væri búin að ræða við þrjá aðila sem væru tilbúnir að vera í nefndinni. Það væru Hermína Brynja Sigurðardóttir, Aldís Einarsdóttir og Guðmundur Geirsson sem kosin yrðu til tveggja ára. Þar sem engin mótframboð bárust var nefndin samþykkt með lófaklappi. Í varastjórn voru kosin Eiríkur Jónsson og Berglind Rafnsdóttir.

Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis starfsárið 2009-2010 er því skipuð eftirfarandi:

Ingvar Þóroddsson, Bakkahlíð 8

Pálína Jónsdóttir, Bakkahlíð 6

Hermína Brynja Sigurðardóttir, Seljahlíð 7h

Aldís Einarsdóttir, Einholti 22

Guðmundur Geirsson, Áshlíð 9

Önnur mál

Bréf hverfisnefndar til Akureyrarbæjar varðandi verklegar framkvæmdir

Óskað var eftir betri skýringum á hvað hverfisnefndin hefði verið að gera, hvað hefði m.a. staðið í bréfi hverfisnefndar til Akureyrarbæjar varðandi verklegar framkvæmdir. Formaður greindi frá að það hefði snúið að hraðahindrunum, gangbrautum, öryggi skólabarna, göngustígum, lýsingu á stíg við Glerá o.fl.

Sparkvöllurinn við Glerárskóla

Fram komu áhyggjur af að sparkvellir við grunnskóla bæjarins sem eru 6 talsins, séu að skemmast eftir að slökkt var á snjóbræðslukerfinu. Umræða um hvort það hefði verið kvöð frá KSÍ um viðhald á völlum. Rætt um hvort það væri hægt að hafa lýsinguna áfram, jafnvel tengda hreyfiskynjurum. Umræða um að kostnaður við lýsingu væri mjög lítill samanborið við heita vatnið.

Pétting byggðar

Páll Magnússon, íbúi í Miðholti benti á að í nýju tölublaði Húss og hýbýla væri grein eftir virtan arkitekt um að ný byggð í grónu hverfi eigi að vera í samræmi við byggðina sem fyrir er.

Páll greindi frá samskiptum sínum við Akureyrarbæ frá því að hann byggði hús sitt við Miðholti til vorra daga. Hann spurði hvort einhver sé bótaskyldur þegar bærinn tekur ákvarðanir um að breyta götu.

Hann hefur áhyggjur af að grunnvatnsstaða í Holtahverfi muni breytast við framkvæmdir á Undirhlíðarreit.

Að loknum aðalfundi voru haldin erindi frá Akureyrarbæ.

1. Deiliskipulag í Holta- og Hlíðahverfi – Pétur Bolli Jóhannesson

Skipulagsstjóri Akureyrarbæjar kynnti samþykkt deiliskipulag fyrir Þórssvæðið. Einnig deiliskipulag fyrir svæði norðan við Skarðshlíð sem er í auglýsingu. Svæðið verður nýtt fyrir kastgreinar í frjálsum íþróttum. Að lokum kynnti hann tillögu að deiliskipulagi í Sandgerðisbót sem er að fara í auglýsingu. Áætlanir eru um að gera svæðið snyrtilegra og aðgengilegra fyrir almenning með göngustíg meðfram bryggjunum og meðfram Glerá.

2. Uppbygging á Þórssvæðinu – Guðríður Friðriksdóttir

Framkvæmdastjóri Fasteigna Akureyrarbæjar kynnti framkvæmdirnar á Þórssvæðinu. Hún sagði að framkvæmdum loknum myndum við eiga eina bestu aðstöðu á landinu fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir. Svæðið verður tilbúið í sumar fyrir landsmót ungmennafélaga. Allt á að vera tilbúið nema að það mun vanta þak á stúkuna sem mun rúma 1.000 manns. Í stúkunni verða búningsklefar og geymslur.

Umræða varð um fjölda hlaupabrauta en þær eru 8 samkvæmt Evrópureglum svo hægt sé að halda alþjóðleg mót á vellinum.

Svæðið verður opið fyrir almenning, nema kastsvæðið sem nú er verið að auglýsa norðan Skarðshlíðar. Óvíst er hvenær það verður tekið í notkun en það verður girt af og lokað fyrir almenning.

Á Þórsvellinum verða tvær upphitaðar hlaupabrautar sem verða opnar fyrir almenning á veturna svo hægt sé að ganga á hákulausu svæði utandyra en margir hafa nýtt sér að ganga í Boganum á veturna þegar er snjór og hálka. Rætt um að það verði mögulegt að ganga á skíðum á vellinum fyrir þá sem það vilja, við hliðina á þeim sem verða fótgangandi.

Formaður Þórs, Sigfús Helgason, lýsti því yfir að samstarf við Akureyrarbæ hefði verið mjög gott eftir að ákvörðun var tekin um framkvæmdir á svæðinu. Mikill metnaður væri hjá bænum um að gera hlutina vel.

3. Áætlanir um hraðahindranir, undirgöng o.fl. í Holta- og Hlíðahverfi – Helgi Már Pálsson og Tómas Björn Hauksson.

30 km hverfi

VGK-Hönnun eða Mannvit gerði skýrslu fyrir Akureyrarbæ varðandi 30 km hverfi. Sýnt var kort af Holta- og Hlíðahverfi þar sem fram koma tillögur að úrbótum víðs vegar í hverfinu. Fram kom að öll íbúðahverfi í bænum verða gerð að 30 km hverfi í sumar og þar á meðal Stórholt og Lyngholt. Fara á í meiri hraðamerkingar í kringum Glerárskóla til að reyna að draga úr umferðarhraða. Greint var frá könnun sem gerð var í Brekkuskóla. Öll börn í 1.-6. bekk voru látin teikna sína leið í skólann. Með því var hægt að greina hvar mesta þörfin er á úrbótum. Fram kom að sams konar könnun yrði í öllum grunnskólum bæjarins.

Göngustígar

Mannvit gerði tillögu að göngu- og hjólastígakerfi fyrir Akureyrarbæ. Sýnt var hvernig tillagan er fyrir Glerárhverfi. Umræða var um að það vanti góðan stíg um Melgerðisás að Glerárskóla. Rætt um að hverfisnefnd beiti sér í því máli.

Einnig kom fram að það sé mjög slæmt að það vanti ennpá, eftir 20-30 ár, göngustíg meðfram Hörgárbraut á kaflanum frá Bónus að Shell. Bent á að það sé talsverð þversögn í því að kominn sé göngustígur frá Shell að Byko meðan hinn stíginn vantar.

Undirgöng

Mannvit hefur hannað undirgöng undir Hörgárbraut. Sýnd var grunnmynd með göngunum. Reiknað er með að framkvæmdir verði í vor og ljúki í lok júní. Umræður um staðsetningu undirganganna. Mismunandi skoðanir á staðsetningu þeirra. Áhyggjur yfir að þau verði lítið notuð. Fram kom hjá fulltrúum Akureyrarbæjar að staðsetningin ráðist af kostnaði og aðstæðum í landinu. Það sé auðveldast að koma göngunum fyrir um 20 m norðan/vestan við gangbrautarljósinn við Skúta. Öll færsla muni hafa í för með sér

mikinn auka kostnað. Skoðað hefði verið með göng í brekkunni, ofan við strætóstöðina og einnig með göngubrú yfir Hörgárbraut við Skúta en þær lausnir séu talsvert dýrari.

Fulltrúar Akureyrarbæjar bentu á að ábyrgðin liggur hjá foreldrum barna í hverfinu, að fá börnin til að nota undirgöngin þegar þau verða komin. Mögulega verður skoðað að girða meðfram Hörgárbrautinni þar sem börnin hlaupa yfir hana á móts við strætóstöðina, svipað og í Þórunnarstræti við Þingvallastræti.

4. Sorphirða í bænum, endurvinnsla, grenndargámar, jarðgerð o.þ.h. – Helgi Már Pálsson

Helgi Már greindi frá að skoðað hefði verið með að hafa 3 tonnur eins og í Stykkishólmi, eina undir lífrænt, aðra undir endurvinnanlegt og þá þriðju fyrir lífrænt sorp. Fallið var frá því vegna kostnaðar og ákveðið að hafa 2 tonnur, 240 l tunnu fyrir almennt sorp sem hirt verður úr á 30 daga fresti og 120 l tunnu fyrir lífrænt sorp sem hirt verður úr á 14 daga fresti. Um leið verða fleiri grenndargámar teknir í notkun, fyrir pappír, járn, gler og plast. Í Holta- og Hlíðahverfi verða áfram gámar við Sunnuhlíð (þeim fjölgað) og svo verða gámar við Bónus.

Það átti að taka lífrænu tonnurnar í notkun í apríl 2009 en því hefur verið frestað vegna efnahagshrunsins. Jarðgerðarstöðin við Þverá verður þó líklega fljótlega tekin í notkun.

Mikil umræða var um svæðið í Glerárdal, hversu skammarlegt það væri að hafa svæðið í svo slæmu ástandi sem raun ber vitni. Engin lausn er á sorphaugamálum Akureyringa og er sorp frá nágrennasveitarfélögum einnig urðað á Glerárdal. Akureyrarbær hefur tekið þátt í samnorrænu verkefni um landslagsheimt og eru miklar áætlanir um að endurheimta landgæði í Glerárdal.

Fram kom að plasti er ekið frá Akureyri til að brenna á Húsavík og pappír ekið þaðan til Akureyrar til endurvinnslu. Brennsla til upphitunar telst vera endurvinnsla.

Skýrsla stjórnar hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis starfsárið 2008-2009

Nefndin var skipuð eftirtöldum aðilum, Valdimar Pálsson formaður, Helga Aðalgeirsdóttir ritari, Magna Guðmundsdóttir, Ingvar Þóroddsson og Pálína Jónsdóttir. Ég vil nota tækifærið og þakka þessum aðilum ánægjulegt samstarf en hluti af stjórninni gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Á starfsárinu hélt hverfisnefnd ellefu fundi. Stærstu málin sem voru hvað mest rædd á fundunum voru deiliskipulag á fyrirhuguðum byggingasvæðum í hverfinu okkar, undirgöng undir Hörgárbraut og undirbúningur og skipulag hausthátíðar. Deiliskipulag Undirhlíðarreits hefur mikið verið rætt á fundum nefndarinnar og hefur hverfisnefnd sent tvö neikvæð álit vegna fyrirhugaðrar byggðar þar. Þrátt fyrir mikil og málefnaleg mótmæli íbúa á svæðinu þá er stefnt að því að byggja tvær sjö hæða blokkir á reitnum. Undirgögn undir Hörgárbraut eru á áætlun á þessu ári en hverfisnefnd sendi Akureyrarbæ erindi varðandi staðsetningu og aðgengi að undirgöngunum. Hausthátíðin sem hverfisnefnd hélt með foreldrafélagi Glerárskóla þótti takast vel enda var veðrið með eindæmum gott. Ágætlega var mætt á hátíðina en við í hverfisnefnd hefðum viljað sjá fleiri eldri íbúa hverfisins á hátíðinni.

Að beiðni formanns framkvæmdaráðs Akureyrarbæjar lagði nefndin vinnu í að taka saman yfirlit um hvaða verklegar framkvæmdir við teldum nauðsynlegar í hverfinu okkar á árinu 2009. Nefndin hefur ekki fengið formlegt svar við hvort eitthvað af þessum verkum verði unnin á þessu ári. Formenn hverfisnefnda á Akureyri hittust af og til á árinu og í mars var haldið "sameiginlegt hverfakaffi" þar sem um fimmtíu Akureyringar hlýddu á kynningar um tilurð og hlutverk hverfisnefnda, skipulagsmál á Akureyri og kynningu á verkefni um hjólastíga á Akureyri.

Á þessu ári opnaði Akureyrarbær fyrir skráningu á póstlista hverfisnefnda og er það von okkar að sem flestir skrái sig þar til að fá skilaboð og fundargerðir frá hverfisnefnd. Við vonum að með póstlistanum taki fólkið í hverfinu meiri þátt og komi með ábendingar um það sem betur mætti fara í hverfinu okkar.

Valdimar Pálsson.